**Nd. 677. Breytingartillögur [59. mál]**

við frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hinn 19. júní 1961 skulu laun allra kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga ákveðin 90% af kaupi karla. Sá mismunur, sem þá er á kaupi kvenna og karla, skal jafnast út á næstu þremur árum í jöfnum hlutum, unz fullum launajöfnuði er náð hinn 19. júní 1964.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Úr ágreiningi, er rísa kann út af ákvæðum 1. gr., sker félagsdómur.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
   *Varatillaga:*
   Í stað orðanna „enda staðfesti nefndin slíka samninga“ í niðurlagi greinarinnar komi: enda sé sú hækkun eigi lægri en lög þessi gera ráð fyrir.